



Auglýsing á deiliskipulagi - forkynning

28.5.2025

Sveitarstjórn Skaftárhrepps kynnir hér með tvær tillögur í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri

Skipulagssvæðið er skilgreint sem miðsvæði (M-2), opið svæði (OP-1) og íbúðarsvæði (ÍB-3) í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Samhliða er deiliskipulag íbúðarbyggðar Klausturhóla á Kirkjubæjarklaustri fellt úr gildi. Skipulagssvæðið er 21,7 ha að stærð, að mestu sunnan Klausturvegar og er að hluta byggt. Innan svæðisins er verslun, kaffihús, vínbúð, félagsheimili, hótél, skrifstofur sveitarfélagsins, grunnskóli, bókasafn og sundlaug. Helstu forsendur fyrir nýtt deiliskipulag eru að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, skipuleggja nýtt íþróttasvæði í sveitarfélaginu, afmarka nýjar gönguleiðir, byggja upp skólasvæðið og nýtt menningarhús, og jafnframt afmarkaður nýr varnargarður. Gert er ráð fyrir allt að 26 nýjum íbúðum í uppbyggingu svæðisins. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við markmið og áherslur Aðalskipulags Skaftárhrepps 2023-2043.

Deiliskipulag fyrir Skerja-, Skriðu- og Skógarvelli

Deiliskipulagstillagan er fyrir Velli á Kirkjubæjarklaustri. Skipulagssvæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð (ÍB-2) og samfélagsþjónusta (S-4) í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043. Samhliða er deiliskipulag Kirkjubæjarklaustur, læknisbústaður, fellt úr gildi. Skipulagssvæðið er um 6,9 ha að stærð, ofan Klausturvegar og er að hluta byggt. Innan svæðisins eru íbúðarhús og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Skipulagssvæðið tekur yfir landssvæði sem áður var í eigu ríkisins en er nú í eigu Skaftárhrepps. Helstu forsendur fyrir nýju deiliskipulagi eru að afmarka lóðir, uppfæra staðföng og götuheiti, móta skipulagsskilmála, auka umferðaröryggi með því að fækka tengingum við Klausturveg og afmarka gönguleiðir. Við gerð deiliskipulagsins er íbúðum svæðisins fjölgað um allt að 26 íbúðir, úr 27 í 53 íbúðir. Akstursleið að svæðinu er breytt og tengingum fækkað inn á Klaustursveg.

Tilögurnar er aðgengileg á vef Skaftárhrepps, www.klaustur.is og á vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is (mál: 1447/2024 og 1459/2025).